

**Sþ.**

## **382. Tillaga til þingsályktunar**

um endurskoðun á löggjöf um lax- og silungsveiði.

Flm.: Pétur Magnússon, Jón Baldvinsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta endurskoða löggjöf um lax- og silungsveiði, með þá breyting á löggjöfinni fyrir augum, að veiðiár verði flokkaðar og reglur settar um það í löggjöfinni sjálfri, hverjar veiðiaðferðir megi viðhafa í flokki hverjum.

Þess er vænzt, að endurskoðun verði lokið svo snemma, að frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir næsta þing.

### **Greinargerð.**

Þegar hin nýja veiðilöggjöf var sett árið 1932, vakti það án efa fyrir mönnum, að hún ætti meðal annars að stuðla að því að auka laxmergð í veiðíanum. Til þess benda ótvírætt ýms nýmæli laganna, svo sem ákvæðin um takmörkun á sjávar- og ósaveiði, lenging hinnar vikulegu friðunar, ýmsar takmarkanir, sem settar eru um ádráttarveiði, ákvæðin um fiskiræktarfélag o. fl. Þó reynslan sé nú að visu ekki löng, sem fengizt hefir af lögum þessum, þá má telja það nokkurnveginn víst, að lögin nái ekki þessum fyrrgreinda tilgangi sínum. Sum ákvæðin hafa ekki orðið og geta ekki orðið annað en pappírsgagn (t. d. ákvæðin um lengd ádráttarneta). Og þó önnur ákvæði kunni að verða til þess, að nokkuð minna verði veitt á sumum stöðum, sérstaklega neðan til í ánum, eru raunverulega engar hömlur lagðar á veiðarnar þegar ofar kemur í árnar og þar sem víðast er unnt að koma við ádráttarveiði. Það er því síður en svo, að líkur séu til, að veiðilöggjöfin nái þessum höfuðtilgangi sínum, að auka laxmergð í ánum.

En laxveiðilöggjöfin ætti og að hafa annað hlutverk en að stuðla að aukinni laxmergð. Þó mikils sé um það vert, er hitt þó ef til vill engu þýðingarminna, að löggjöfin stuðli að því, að veiðin sé rekin á sem arðvænlegastan hátt, að heildararðurinn geti orðið sem mestur. Um þetta er ekkert sinnt í núgildandi löggjöf. Allar líkur benda til, að þorri laxveiðianna mundi gefa mestan arð með því að nota þær til stangarveiði. Á þetta við um flestar eða allar bergvatnsárnar. En skilyrði fyrir, að unnt sé að fá sæmilega leigu fyrir árnar til stangarveiði, er, að netaveiði sé alls eigi stunduð í þeim. Flutningsm. till. telja því, að taka eigi til alvarlegrar yfirvegunar, hvort ekki ætti að banna netaveiði í öllum hinum smærri veiðiam. En þá þarf jafnframt að setja lagafyrirmæli um skiptingu arðsins milli veiðieigenda, og koma þar án efa fram mestu vandkvæðin við setningu veiðilöggjafarinnar.

Nánar í framsögu.